



Gólfhiti – einfaldari en nokkru sinni fyrr



Práðlaus þægindi frá Danfoss

Háþróað en einfalt

Þráðlaus CF2 gólfhitastýringin frá Danfoss er áreiðanleg og býður upp á fjölmarga möguleika. Kerfið er afar einfalt í uppsetningu og auðvelt í notkun.

Við uppsetningu búnaðarins þarf aðeins að festa móðurstöðina á vegginn, tengja hana við 230 V spennu og gefa sér svo nokkrar mínútur til að tengja leiðslurnar frá lokamótornum. Á móðurstöðinni eru allt að 10 útgangar fyrir ýmsar gerðir af mótorklokum.

Þegar þráðlausu herbergishitastillarnir hafa verið tengdir við móðurstöðina er kerfið tilbúið til notkunar. Tíuþátta þráðlaus samskipti tryggja áreiðanlegar merkasendingar og gera kleift að prófa allar þráðlausar tengingar við herbergishitastilla til að ganga úr skugga um að þær séu virkar.

Einfaldleiki búnaðarins veldur því að fagmaður er mjög fljótur að setja hann upp og stilla. Sjálfvirka greiningarkerfið sér til þess að viðhald verður leikur einn.

Leikur einn


Þráðlaus CF2 gólfhitastýringin frá Danfoss er áreiðanleg, þægileg og afar einföld í uppsetningu.







Gerir gólfhita öruggari og þægilegri



Hægt er að gera prófun á þráðlausu tengingunum áður en herbergishitastillarnir eru settir upp, t.d. á vegg. Það eina sem þarf að gera er að setja prófunina í gang og er þá hægt að sjá stöðu þráðlausu tengingarinnar á herbergishitastillunum sjálfum.

Á öllum hitastillunum eru ljósdíóður fyrir prófun á tengingum og stöðu rafhlöðu. Hitastillarnir fást í mismunandi gerðum fyrir tiltekna aðstæður:

- » CF-RS herbergishitastillirinn er með snúningsrofa til að stilla hitastigið
- » CF-RP er með fiktvörn – búnaðurinn til að stilla hitastigið og setja af stað prófun á tengingu er falinn undir loki. Þetta gerir hitastillinn tilvalinn fyrir almenningsstaði, barnaherbergi o.s.frv.
- » CF-RD er með stafrænum skjá sem sýnir m.a. raunhita eða hitastigið sem stillt er á og tákn fyrir litla hleðslu á rafhlöðu, prófun á tengingum, villukóða o.s.frv.
- » CF-RF býður upp á sömu möguleika og skjáútgáfan, en er auk þess með innrauðum gólfhitanema sem mælir og takmarkar lágmarks- og hámarkshitastig á gólfleti. Þetta gerir CF-RF tilvalinn fyrir baðherbergi og herbergi með flisum eða viðargólfi

Aukin langdrægni

CF-RU endurvarpinn eykur langdrægni á milli móðurstöðvarinnar, herbergishitastilla og annarra tengdra hluta með tviátta þráðlausum samskiptum. Hann kemur í góðar þarfir þar sem fjarlægð eða fyrirstaða hefur truflandi áhrif á þráðlausa tengingu. Ef prófun á tengingum gefur til kynna að þráðlausa tengingu við móðurstöð vantar þarf aðeins að setja upp endurvarpa og endurtaka prófunina.

Endurvarpinn framsendir merkin milli herbergishitastilla og fjarstillis (valbúnaður) til móðurstöðvar. Þetta kemur sér einkar vel í stærri kerfum þar sem fjarlægð á milli eininga getur haft truflandi áhrif á stafrænar tengingar. Einnig er hægt að nota endurvarpann á stöðum þar sem fyrirstaða veldur truflunum, s.s. þykkir veggir og málmhlutir.

Mögulegt er að hafa allt að 3 endurvarpa í keðju á milli viðkomandi herbergishitastillis og móðurstöðvarinnar. Hægt er að setja upp fleiri samhliða keðjur endurvarpa frá móðurstöð.



Handhægur fjarstillir



Með handhæga CF-RC fjarstillinum er hægt að stjórna öllum aðgerðum þráðlausu CF2 gólfhitastýringarinnar. Við uppsetningu kerfisins auðveldar þráðlausi fjarstillirinn nafngiftir og stillingar herbergja til að hægt sé að stjórna hitastigi þeirra með kerfinu.

Með fjarstillinum er hægt að stilla hvern útgang móðurstöðvarinnar fyrir sig, til dæmis fyrir gólfhita- og ofnakerfi. Fjarstillirinn veitir einnig aðgang að kerfiseftirliti, svæðaskiptri lækkun á hitastigi og tímas-tillingum vegna sumarleyfa o.p.h. Allar villur í kerfinu eru skráðar og eru gögnin vistuð í minni fjarstillisins þar sem hægt er að nálgast þau síðar.

Hægt er að framkvæma allar aðgerðir með notendavænni valmynd á stórum skjá fjarstillisins.





Taktu stórt stökk fram á við

Práðlausa CF2 kerfið er bylting í þróun gólfhitastýringa. Það er einstaklega einfalt í uppsetningu og auðvelt í notkun, en um leið býður það upp á fjölmarga nýja og einstaka möguleika á að stjórna gólfhitakerfum.

Eiginleikar herbergishitastilla

- » Sígild hönnun
- » Einföld þráðlaus uppsetning
- » Ljósdióða sýnir þegar lítið er eftir á rafhlöðu
- » Ljósdióða sýnir stöðu prófunar á tengingu
- » Ganga fyrir 2 x AA alkaline 1,5 V rafhlöðum
- » Hægt að breyta hitastillingu með fjarstilli



CF-RS 088U0210

Herbergishitastillir, „standard“

- » Hitastilling milli 5 – 35°C með snúningsrofa



CF-RP 088U0211

Herbergishitastillir, stjórnþúnaður falinn

- » Fiktvörn – ekki er beinn aðgangur að stillingum
- » Þessi hitastillir hentar sérlega vel fyrir staði sem almenningur hefur aðgang að



CF-RD 088U0212

Herbergishitastillir með skjá

- » Sýnir raunhita eða hitastigið sem stillt er á
- » Hitastilling milli 5 – 35°C með hnóppum
- » Klukkutáknið gefur tímastillingu til kynna
- » Takmörkun á lágmarks-/hámarkshitastigi í herbergi með valmynd á skjá
- » Viðvörðunartákn og villukóðar á skjá, t.d. tákn sem sýnir þegar rafhladan er að tæmast



CF-RF 088U0213

Herbergishitastillir með innrauðum gólfhitanema Þessi hitastillir býður upp á sömu möguleika og CF-RD auk eftirfarandi atriði:

- » Mælir hitastig gólfplatnar með innrauðum nema
- » Stjórnar herbergishitanum samkvæmt stillingum fyrir minnsta og mesta gólfhita
- » Tákn fyrir gólfhitanema á skjá

Gólfhitakerfið reiknað út á fljótlegan og auðveldan hátt

Danfoss Floor Heating Dimensioning Programme er forrit sem reiknar út gólfhitakerfið á örfáum mínútum. Forritið er aðgengilegt á netinu. Aðeins þarf að færa inn nokkur grundvallaratriði og hugbúnaðurinn veitir þá allar nauðsynlegar upplýsingar um hönnun kerfisins, val á vörum og prófun. Þetta gerir forritið að verðmætu verkfæri fyrir hönnuði gólfhitakerfa.



Móðurstöð CF-MC

10 útgangar: 088U0200 / 5 útgangar: 088U0205

- » Tviátta þráðlaus sending á 868 MHz
- » Ljósdióða sem sýnir stöðu hvers útgangs
- » Þráðlaus uppsetning á herbergishitastillum og öðrum einingum kerfisins
- » 24V útgangar með skammhlaupsvörn
- » Fáanleg í útfærslum með 5 og 10 útgöngum
- » Stjórnun með ON/OFF eða PWM (Pulse Width Modulation)
- » Tveir aðskildir liðar fyrir stýringu dælu og ketils
- » Útgangarnir ráða við ýmsar gerðir leiðslna og er auðvelt að festa leiðslur og verja þær gegn álagi
- » Sjálfvirk greiningarkerfi með villuboðum
- » Inngangur fyrir val á milli hita- og kælistýringar

Fjarstillir CF-RC

088U0220

- » Þráðlaus tenging við allar einingar CF2 um móðurstöð
- » Hitalækkunarstilling fyrir stjórnun allt að 6 svæða og tímastilling til að spara orku þegar farið er í sumarfrí o.s.frv.
- » Skrá yfir viðvaranir og auðvelt að greina villur
- » Hægt að gefa öllum hitastillum heiti og stilla þá miðlægt
- » Hægt að stilla hvern útgang fyrir sig á móðurstöð, annað hvort fyrir gólfhita- eða ofnakerfi



Endurvarpi CF-RU

088U0230

- » Endurvarpinn eykur drægni sendinga milli hitastilla og móðurstöðvar
- » Nái móðurstöð til dæmis ekki sambandi við hitastilli framsendir endurvarpinn þráðlausa merkið og kemur sambandinu þannig aftur á





Þráðlaus þægindi frá Danfoss

www.danfoss.is